



Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu

goAML

SAR tilkynning





Það er helst að SAR tilkynningar séu notaðar af tilkynningarskyldum aðilum sem tilkynna afar sjaldan í goAML eða ef tilkynningarskyldan aðila skortir upplýsingar til að hægt sé að skrá tilkynningu með ítarlegri hætti, líkt og er gerð krafa um í STR.


Það er ekki gert ráð fyrir því að tilkynningarskyldir aðilar sendi SAR tilkynningar nema í undantekningartilvikum.

Almennt eru gerðar ítarlegri kröfur við útfyllingu á tilkynningu.


Búið er að einfalda verulega gerð tilkynningarinnar og fella út fjölmarga reiti með það fyrir augum að útfylling sé með sem einföldustum hætti.

Þarf að skrá í alla **rauðmerkta** reiti tilkynningar.


Hægt er að velja á milli íslensku eða ensku með því að smella á viðeigandi fána   sem eru sýnilegir efst til hægri í netvafra. Einungis hefur verið íslenskað það sem snýr beint að gerð tilkynninga en annað í viðmóti goAML er einungis í boði á ensku.


Einnig er hægt að stækka þá textareiti í goAML sem þarf að setja magn texta í með því að smella á táknid  sem er í neðra hægra horni textagluggans og draga það neðar.


Eftir innskráningu á vefsíðu goAML skal velja New Reports og svo Web Reports :



Velja gerð tilkynningar sem **SAR** og kemur þá neðangreind valmynd í efra vinstra horni vafra.



Hægt er að smella á  í valmyndinni hvenær sem er til að vista tilkynninguna.

Í lokin er svo smellt á  til að senda tilkynningu til SFL.

Hver og einn hluti tilkynningarinnar breytist svo úr **rauðu** í **grænt** þegar búið að skrá inn lágmarksmagn upplýsinga í viðkomandi hluta.

Skipt er á milli mismunandi hluta tilkynningar með að smella á viðeigandi hluta valmyndar.

Upphafssíða (SAR:XXXX-0-0)

Ástæða þarf að skrá!

Aðgerðir

Tilvísunarnúmer tilkynningarskylds aðila þarf að skrá!

Dagsetning

6.10.2022



Þarf að skrá **Tilvísunarnúmer tilkynningarskylds aðila** í samnefndan reit.

Tilkynningarskyldur aðili ræður alfarið með hvaða hætti tilvísunarnúmer er framsett, sem dæmi þá eru oft notuð númer úr ytri skjalavörslukerfum.

Ástæðu tilkynningar og lýsingu á atvikum á að skrá í reitinn **Ástæða**.

Þarf að koma skýrt fram hvað sé verið að tilkynna og af hverju.

Skal einnig geta þeirra atriða sem voru skoðuð af hálfu tilkynningarskylds aðila með það fyrir augum að eyða grunsemdum.

Þeir einstaklingar, lögaðilar og gerð reikninga sem er minnst á hér skal skrá sérstaklega í tilkynninguna undir **Háttsemi**.

Dagsetning skal vera sá dagur sem tilkynning er send.

Nota á reitinn **Aðgerðir** til að skrá ef gripið var til sérstakra ráðstafana samhliða tilkynningu eins og t.d. að segja upp viðskiptasambandi.

Viðhengi

Gert er ráð fyrir því að lýsing atvika eins og þau koma fyrir í reitnum **Ástæða** séu studd með viðhengjum, s.s. kvittunum, yfirlitum eða samningum.

Hægt er að senda allar helstu skjalagerðir.

Vísendingar um peningaþvætti

Hérna koma fram ýmis atriði sem benda til peningaþvættis og notar SFL þetta við flokkun.

Skal velja að lágmarki eitt atriði en leyfilegt að hafa þau fleiri.

Ef ekkert passar augljóslega þá er leyfilegt að velja **Annað**.

Háttsemi



Hérna eru þeir aðilar sem tengjast þeirri háttsemi sem lýst í tilkynningu skráðir formlega.

Hægt er að velja um að skrá **Einstakling** (Person), **Lögaðila** (Entity) eða gerð **Reiknings** (Account) eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir því að samsvörun sé á milli þess sem kemur fram í reitnum **Ástæða tilkynningar** um atvik og því sem er svo skráð hér.

Ef sem dæmi einstaklinga og lögaðila er getið við lýsingu á atvikum tilkynningar en sömu einstaklingar og lögaðilar eru ekki skráðir sérstaklega undir þessum hluta tilkynningar þá mun það að öllum líkindum leiða til þess að tilkynningu sé hafnað með ósk um að bætt sé úr skráningum.

Einungis þeir aðilar sem eru skráðir hér teljast hafa verið tilkynntir til SFL.

Þegar er smellt á **Einstaklingur**, **Lögaðili** eða **Reikningur** opnast viðeigandi skráningform fyrir neðan.

Einstaklingur - Person

The screenshot shows a form for 'Einstaklingur' (Person). The form includes fields for 'reason', 'Málsvægi', 'Athugasemd', 'Kyn', 'Fyrirmynd', 'Möðrum', 'Eftirnafn', 'Fæðingardagur', 'Kennitala', 'Vinnuveitandi', 'Línunúmer', and 'ABÍI'. The 'Athugasemd' field is circled in red. Below the form, there are expandable sections for 'Vinnuveitandi - Heimilisfang', 'Vinnuveitandi - Sími', 'Heimilisfang', 'Tölvupóstfang', 'Skilríki', and 'Símanúmer'.

Skal skrá kyn, nafn, þjóðerni, fæðingardag.

Þarf einnig að skrá stuttlega ástæðu (nokkur orð) þess að **Einstaklingurinn** er skráður í tilkynninguna í reitinn **Athugasemd** í efstu línu. **Er ekki hægt að gera þennan reit skilyrtan af tæknilegum ástæðum**

Ef um íslenskan aðila er að ræða skal einnig skrá **kennitölu** viðkomandi.

Þetta eru lágmarksupplýsingar sem þurfa að koma fram en frjálst að bæta við upplýsingum eftir þörfum og þeim gögnum sem eru til staðar, t.d. um vinnuveitanda.

Lögaðili - Entity

The screenshot shows a form for 'Lögaðili' (Entity). The form includes fields for 'reason', 'Málsvægi', 'Athugasemd', 'Nafn', 'Skráningartími', 'Starfsári', 'Kennitala / Skráningarnúmer', 'Skráningardagur', 'Skráningartand', 'Tölvupóstfang', 'Vefslóð', 'Athugasemd', and 'Dagsetning'. The 'Athugasemd' field is circled in red. Below the form, there are expandable sections for 'Heimilisfang', 'Símanúmer', 'Einstaklingur/ar tengdur lögaðila', and 'Tengdur lögaðili/lögaðilar'.

Skal skrá **nafn lögaðila** og **kennitölu / skráningarnúmer**.

Þarf einnig að skrá stuttlega ástæðu (nokkur orð) þess að **Lögaðili** er skráður í tilkynninguna í reitinn **Athugasemd** í efstu línu. **Er ekki hægt að gera þennan reit skilyrtan af tæknilegum ástæðum**.

Ef vitað er um einstakling sem tengist félaginu þá á að skrá viðkomandi í flipann **Einstaklingur/ar tengdur lögaðila**, opnast þá í raun sami gluggi og fyrir skráningu einstaklings nema reiturinn **Hlutverk** hefur bæst við og þar er valið úr fellilista hvernig viðkomandi tengist lögaðila, ss. framkvæmdastjóri.

▼ Einstaklingur/ar tengdur lögaðila #1

Hlutverk þarf að skrá: Kyn þarf að skrá: Fornafn þarf að skrá: Miðnafn:

Eftirnafn þarf að skrá: Fæðingardagur þarf að skrá: Kennitala: Þjóðemi:

Vinnuveitandi - Nafn: Látið? Dánardagur:

Áðili - Athugasemd:

Reikningur – Account

▼ Reikningur

reason: Mikluvægi: Athugasemd:

Reikningsnúmer þarf að skrá: Nafn fjármálastofnunar þarf að skrá: Ekki fjármálastofnun? Swift þarf að skrá:

Kennitala / Skráningarnúmer: Reikningur - Athugasemd:

Reikningur - Athugasemd:

+ Lögaðili tengdur reikningi

• Einstaklingur tengdur reikningi

Skal skrá **númer reiknings** (IBAN form fyrir bankareikninga ef það er tiltækt) í samfelldum texta án bandstrika eða bila.

Fjármálastofnunin þar sem reikningurinn er skráður skal setja í reitinn **Nafn fjármálastofnunar**.


Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion banki eru forskráðir og birtast í fellilista þegar er byrjað að rita nafn þeirra. Skal velja þá af fellilistanum til að **SWIFT** kóði þeirra forskráist í samnefndan reit.

Ef um er að ræða fjármálastofnun sem hefur ekki **SWIFT** kóða þá skal velja að skrá **Kennitölu / Skráningarnúmer** fjármálastofnunarinnar í samnefndan reit í staðinn.

Þarf einnig að skrá stuttlega ástæðu (nokkur orð) þess að **Reikningur** er skráður í tilkynninguna í reitinn **Athugasemd** í efstu línu. **Er ekki hægt að gera þennan reit skilyrtan af tæknilegum ástæðum.**

Almennt er vitað hvaða einstaklingur sem tengist reikningnum og á þá að skrá viðkomandi í flipann **Einstaklingur/ar tengdur reikningi**, opnast þá í raun sami gluggi og fyrir skráningu einstaklings nema reiturinn **Hlutverk** hefur bæst við og þar er valið úr fellilista hvernig viðkomandi tengist reikningnum, ss. prókúruhafi eða reikningseigandi.

Sendu inn tilkynningu

Þegar búið er að forma tilkynninguna og framkvæma nauðsynlegar skráningar er smelt á  í valmyndinni uppi í vinstra horni viðmótsins til að senda hana til SFL.